1812 9466 24.01.2019

Samþykkt þann 30. jan. 2019

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði



Afstöðumynd - 1:500

Einhella 3

Landnúmer - 203419
Staðgreinir - 1400-1-19550030
Hönnunarstjóri: Orri Árnason

Sótt er um breytingar:
Breyting A 04.01.2019: Í bilum 0101-0102 eru súlur *fjarlægðar og kaffistofur stækkaðar.* Brunaslöngum í bili 0101 er fækkað úr tveim í eina. Þvottaherbergi í bili 0103 sleppt og stigi færður til. Milliloft eru minnkuð þannig að þau nái einungis yfir kaffistofu- og salernishluta. Brunaopum er breytt í samræmi við breytingar á milliloftum. Sorp er fært og sett við vesturgafl húss. Skráningartöflu er breytt í samræmi við ofangreindar breytingar. Milliloft minnka og verða aflokuð.

Byggingarlýsing:
Um er að ræða einnar hæðar iðnaðarbyggingu, með millilofti, sem ætluð er undir stórvirkar vinnuvélar og langferða- og flutningabíla. Húsinu er skipt upp í 4 misstórar einingar og verður hvert þeirra búið salerni og tilheyrandi aðstöðu starfsmanna. Húsið er byggt upp með límtréssúlum og bitum og klætt yleiningum.

Grundun:
Grafa skal fyrir undirstöðum, niður á heillegan burðarhæfan klapparbotn/hraun. Fylla skal inn í og að grunni með frostfríu burðarhæfu efni.

Sökklar:
Sökklar eru úr járnbentri steinsteypu. Allir einangraðir að utan með 50mm harðpressaðri steinull, nema á suður sökkli þar sem innkeyrsluhurðir eru og þar skal einangra að innanverðu með sömu einangrun. Sökklar skulu einangraðir a.m.k. einn meter niður fyrir yfirborð lóðar.

Botnplata:
Botnplata er úr járnbentri steinsteypu og er einangruð með 50mm plasteinangrun, á svæðinu undir milligólfi. Annars staðar er hún óeinangruð, til að þola þunga stórra véla.

Burðarvirki:
Er úr límtré, jafnt súlur og bitar.

Útveggir:
Útveggir eru úr 105mm sléttum yleiningum og eru festar utan á timburgrind, sem er fest innan á burðarvirki hússins.
Yleiningarnar eru með þéttpressaða steinullareinangrun sem kjarna, en 0,6 mm valsað stál á báðum hliðum. Kólnunartala eininganna er 0.36W/m² °C og miðast val á einingaþykktum við að hitastig innanhúss sé <18°C

Þak:
Burðarvirki þaks er úr límtrésbitum sem liggja þvert á húsið. Þvert á áðurnefnda bita liggja aðrir minni, en á þá eru lagðar yleiningar. Þakhalli er 15 gráður. Kjarni yleininganna (ST-173) er þéttpressuð steinull, lokaður af með 0.6 mm völsuðu stáli á báðum hliðum. Kólnunartala eininganna er 0.28W/m² °C og miðast val á einingaþykktum við að hitastig innanhúss sé <18°C

Gluggar og hurðir:

Gluggar:	Ál-tré gluggar
Iðnaðarhurðir:	Rafknúnar álhurðir
Gönguhurðir:	Álhurðir

Milliveggir:
Veggir á milli eininga eru úr 105mm þykkum yleiningum. Litanúmer Ral 9002

Aðrir innveggir: í bili 101-102 verða byggðir úr 45x95 trégrind og 35x70, sem klædd verður báðum megin með spónaplötu og gipsplötu utan á það (klæðning í flokki 1). Holrýmið verður fyllt með þéttsteinull.
Aðrir innveggir í bilum 0103-0104 verða byggðir úr 45x95 trégrind 35x70, sem verður með innra byrði úr krossvið og ytra byrði úr spónaplötum (klæðning í flokki 2). Holrýmið verður fyllt með þéttsteinull.

Milligólf:
Milligólf iðnaðarbila eru léttbyggð og er ætluð til geymslunota. Burðargrindin er úr timbri 45x195mm. Raflagnagrind að neðan og holrúm fyllt með steinull. Klætt með gipsplötum að neðanverðu og lokað með 22mm nótuðum spónaplötum að ofan.

Skilmálar:
Samkvæmt skilmálum er hvorki heimiluð búseta eða landbúnaður af neinu tagi innan lóðarinnar, þar sem hún er innan þynningarsvæðis álversins í Straumsvík

Litir:

Gluggar:	Ál/trégluggar: RAL9005
Hurðir:	Ál iðnaðarhurðir: RAL9005
	Ál gönguhurðir: Karmar RAL9005, Hurðaflekar RAL 3009
Áfellur:	Gluggar, hurðir og horn: RAL7038
Útveggir:	Yleiningar SF-105: RAL7038, Litaðir flekar á milli glugga RAL 3009
Þak:	Yleiningar ST-173: RAL9002

Lagnir:
Neysluvatnslagnir:
Lagnir verða utanáliggjandi, þar sem því verður við komið. Vatnsinntak er staðsett í suðurenda hússins.
Frárennslislagnir:
Frárennslislagnir í jörð eru úr verða CE vottaðar plastlagnir, lagðar í grunn og upp í gólfplötu, frárennslislagnir í veggju verða einnig plastlagnir.
Blautrými skulu búin niðurföllum
Olíuskilja:
Niðurföll verða tengd við olíuskilju í samræmi við reglugerð 884/2017.

Upphitun: Húsið er hitað upp með heföbundnu ofnakerfi og gólfhita í sal.
Loftræsting:
Rými verða loftræst með opnanlegum fögum, en lokuð rými verða loftræst með vélrænum hætti.

Tæknilegar kröfur:
U-Gildi einstakra byggingarhluta tekur mið að því að hiti innan hússins verður innan við 18 gráður meiri en 10 gráður og verður í samræmi við gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð (Tafla 13.01). U-gildi skulu ekki yfirstíga eftirfarandi hámarksgildi:

Þak	0.30 w/(m²k)
Útveggur	0.40 w/(m²k)
Gólf	0.40 w/(m²k)
Gluggar	3.0 w/(m²k)
Hurðir	engin krafa

Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir). Ekki er gerð krafa um U gildi.

Lóð & frágangur:
Lóð verður malbikuð. Þar verða 34 bílastæði, 26 stæði norðan við hús, þar af eru 2 stæði fyrir hreyfihamlaða. Austan megin við húsið eru 6 stæði og austast á Athafnasvæði A04 eru 2 stæði. Gert er ráð fyrir að mögulegt sé að setja hleðslustöð fyrir rafbíla við fyrstu 11 bílastæðin frá aðkomu lóðar. Tré verða gróðursett umhverfis athafnasvæði og einnig meðfram götu, á svæði þar sem er kvöð um gróður

Sorp:
Á lóð er gert ráð fyrir sameiginlegum sorpgámum við vesturhlið hússins og verða þeir skermaðir af með forsteyptum einingum.

	Fyrir		Eftir	
Einhella 3	Brúttó (m²)	Brúttó (m³)	Brúttó (m²)	Brúttó (m³)
Botnplata	-	266,2	-	266,2
Jarðhæði	1.330,9	8.982,96	1.330,9	8.982,96
Milligólf	394,1	-	123,5	-
Samtals	**1.725,0**	**9.249,1**	**1.454,4**	**9.249,1**

Helstu stærðir:	
Nýbygging:	1.454,4 m²
Lóð:	5.108,9 m²
Nýtingarhlutfall:	0,28

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er uppfærð af Brunahönnun slf í nóvember 2018 fyrir Einhellu 3, Hafnarfirði, verk nr. 18-180. Lausnir eru skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin verður í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð. Um er að ræða iðnaðarhúsnæði og geymslur.

Notkunarskilmálar
Um verður að ræða almennan iðnað, t.d. smíðaverkstæði eða sambærilegt. Gert er ráð fyrir að hámarksbrunaálag sé 800 MJ/m² og mest 5 manns á geymsluloftum. Ef breyting verður á notkun umfram skilmála þarf að brunahanna það sérstaklega.

Brunahólfun
Byggingunni er skipt í tvö meginbrunahólf;
Vesturhluti hússins eitt meginbrunahólf og eitt brunahólf, um 753 m².
Austurhluti hússins er eitt meginbrunahólf um 1001 m² en skiptist í þrjú minni brunahólf.
Inntaksrými er sér brunahólf.
Burðarvirki
Burðarvirki hússins er límtré.
Brunahöltandi veggur milli meginbrunahólfa er a.m.k. REI90.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60.
Hæðaskil eru a.m.k. REI60.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Innveggjaklæðningar í þjónusturýmum í bilum 103 og 104 eru að hluta til með klæðningu í flokki 2 sem er talið ásættanlegt þar sem þessi bil eru minni en 200 m² sbr. gr. 9.6.8 í byggingarreglugerð.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1.
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 25 m í næsta útgang.
Frá vinnusvæðum eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út þrjár úr stærsta rýminu.
Frá geymsluloftum eru tvær flóttaleiðir, önnur flóttaleiðin er um stiga en hin er um björgunarop og þaðan niður fellistiga.

Reykskynjarar
Reiknað er með stökum reykskynjurum í hverjum eignarhluta eða öryggiskerfi með reykskynjurum.
Reikna skal með a.m.k. einum reykskynjara fyrir hverja 80 m².

Reyklosun
Reyklosun frá vinnusvæðum erum stórar vinnuhurðir og glugga.

Brunaslöngur og slökkvitæki
Brunaslöngur eru í byggingunni skv. ÍST EN 671 sbr. teikningar. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngur, t.d. 9 L léttvatn og 5 kg kolsýra við rafmagnstöflur og í inntaksrými. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 5 lux í stigarými, 1 lux á flóttaleiðum og 0,5 lux á vinnusvæðum, geymsluloftum og inntaksrými.
Útljós verða sett upp við útganga hússins og merkingar við BO.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma er góð að byggingunni frá Einhellu. Reiknuð slökkvivatnsþörf skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar er um 2600 l/mín.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
21.1.2019

22.01.2019
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

BRUNAHÖNNUN 20 ára reynsla

Digitally signed by Gunnar H Kristánsson
DN: cn=Gunnar H Kristánsson gn=Gunnar H Kristánsson c=Iceland l=IS o=Brunahönnun slf e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I have reviewed this document
Location: Reykjavík
Date: 2019-01-17 13:02Z

HELSTU TÁKN:

EI60	Brunamótstaða		Reyklúga
-C	Sjálflokandi hurð		Gat í gólfi
-S	Reykþétt hurð		Gat í lofti
	Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis	gn.	Gólfniðurfall
BO	Björgunarop	vlr.	Vélræn loftræsing
BO	Fellistigi við björgunarop	nf.	Niðurfall
ÚT	Merktur útgangur	ROB	Rafdrifinn opnunarbúnaður
	Flóttaleið		
R	Reykskynjari		
NL	Neyðarlýsing		
	Brunaslanga		
	Handslökkvitæki		
	Tvíburatengi úðakerfis		
	Stigleiðsla		

Breyting A 04.01.2019: Breytingar í byggingarlýsingu, brunalýsingu og á helstu stærðum. Sorp er fært og staðsett við vesturgafl húss.

Verkheiti:	**Einhella 3**		
Teikning:	Afstöðumynd, byggingarlýsing og brunahönnun		
Verkkaupi:	Björg Real Estate ehf.		
Arkitekt:	Orri Árnason	Breyting A dags: 04.01.2019	
Hönnunarstjóri:	Orri Árnason		
Teiknað af:	gá, gb	Dags:	16.08.2018
Yfirfarið af:	PH	Kvarði:	1:500
		Stærð:	1000 X 594mm
		Fjöldi teikn.:	5

ZEPPELIN ARKITEKTAR **1.1.1 A**

Orri Árnason FAÍ Kt: 080864-5749 - www.zeppelin.is - tel 5533840 - zeppelin@zeppelin.is